

Girðingar – áætlaður stofnkostnaður 2011

Unnsteinn Snorri Snorrason, Bændasamtök Íslands

Áætlaður stofnkostnaður girðinga er hér settur fram með sambærilegum hætti og verið hefur. Byggt er á þeim forsendum og aðferðum sem Grétar Einarsson, Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur stuðst við undanfarin ár.

Í eftirfarandi samantekt er áætlaður stofnkostnaður við fjórar gerðir girðinga eins og ætla má að hann hafi verið vorið 2011. Einingafjöldi er miðaður við 1 km langa girðingu, bæði hvað snertir efni og vinnu. Meðal annars er stuðst við mælingar og athuganir fyrrum bútækni-eildar Rala á undanförunum árum. Verðtölur eru fengnar frá söluaðilum vorið 2011, en eins og ávalt má finna lægra eða hærra einingaverð.

Varðandi gerð girðinganna er í stórum dráttum tekið mið af reglugerð um girðingar sem kom út í október 2002 og endurskoðuðum girðingarlögum (nr. 135/2001).

Gert er ráð fyrir tré- eða járnstaurum í netgirðingu með 4 m millibili og einum streng af gaddavír undir og tveimur að ofan.

Rafgirðingastaurar geta bæði verið tré- og plaststaurar. Í rafgirðingum er miðað við 5 strengi og 12 m á milli staura en engum renzlum sem er önnur uppsetning en undanfarin ár.

Hægt er að setja í töfluna aðrar forsendur sem reiknast þá sjálfkrafa inn í töfluna en hún er aðgengileg á vefsvæði Bændasamtaka Íslands (www.bondi.is). Efnissamsetning ræðst að sjálfsgöngu bæði af aðstæðum á girðingarstæði og verðhlutföllum hverju sinni.

Verðtölur varðandi efni eru með virðisaukaskatti. Miðað er við að aðstæður á girðingarstað séu fremur góðar. Að gefnu tilefni er vakin athygli á að ekki er talinn með kostnaður við að jafna girðingarstæði, flutning á efni að girðingarstæði né vinnu við undirbúning og innkaup. Enn fremur að ekki er hægt að nota þessar áætlanir einar sér við gerð útboða því gögnin eru miðuð við að verið sé að vinna innan bús og eigin vinnukraftur og tæki séu notuð.

Einingaverð efnis erum með 25,5% VSK										
Kostnaðarliðir	Eining	Einingaverð kr	Netgirðing með járnstaurum		Netgirðing með tréstaumum		Rafgirðing með tréstaumum		Rafgirðing með rafg.staurum	
			Magn	kr	Magn	kr	Magn	kr	Magn	kr
Hornstaurar	stk	2.320	4,0	9.280	4,0	9.280	4,0	9.280	4,0	9.280
Tréstaumar	stk	445		-	250,0	111.250	84,0	37.380		-
Járnstaumar	stk	1.687	250,0	421.750		-		-		-
Rafg.staumar	stk	650		-		-		-	84,0	54.600
Gaddavír # 12,5	rúlla, 235 m	9.473	15,0	142.095	15,0	142.095		-		-
Vírnét 5 strengja	rúlla, 100 m	13.725	10,0	137.250	10,0	137.250		-		-
Þanvír 2,5 mm	rúlla, 650 m	9.390		-		-	8,0	75.120	8,0	75.120
Stagvír	kg	609	15,0	9.135	15,0	9.135	15,0	9.135	15,0	9.135
Vírlykkjur	pakkar	1.073	2,0	2.146	2,0	2.146		-		-
Vírklemmur	pakkar 25 stk	1.073		-		-	1,0	1.073	1,0	1.073
Einangrarar	stk	79		-		-	420,0	33.180		-
Horneinangrarar	stk	183		-		-	32,0	5.856	32,0	5.856
Strekkjarar	stk	600		-		-	10,0	6.000	10,0	6.000
Spennistöð	stk, 9 joul	82.581		-		-	0,1	8.258	0,1	8.258
Jarðskaut	stk, þríh.	5.484		-		-	0,3	1.645	0,3	1.645
Jarðstengur	100 m, 2,5 mm	19.847		-		-	0,2	3.969	0,2	3.969
Samtals efni				721.656		411.156		190.897		174.937
Vinna	kr/klst	1.745	110,0	191.950	110,0	191.950	54,0	94.230	47,0	82.015
Dráttarvél	kr/klst	3.751	6,0	22.506	6,0	22.506	3,0	11.253	3,0	11.253
Samtals vinna				214.456		214.456		105.483		93.268
Alls				936.112		625.612		296.380		268.205